

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Ástþórsdóttir - FST <hulda@fjarskiptastofa.is>
Sent: miðvikudagur, 24. apríl 2024 09:45
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Áframhaldandi eignarhald á ljósleiðaraneti sveitarfélagsins
Attachments: Flóaljós.pdf

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er erindi Fjarskiptastofu til sveitarfélagsins.

Í bréfinu kemur fram að frestur til svara er 15. maí næstkomandi.

Vinsamlega staðfestið móttöku á erindinu í viðhenginu.

Með kveðju,

Hulda Ástþórsdóttir, verkfræðingur

SÍMI / TEL (+354) 510 1500



Fjarskiptastofa

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

510 1500 - fjarskiptastofa@fjarskiptastofa.is

www.fjarskiptastofa.is



[Fyrirvari/Disclaimer]

Flóaljós
Flóahreppur, Hulda Kristjánsdóttir
Þingborg
801 Selfossi

Reykjavík, 24. apríl 2024

Tilvísun: 2023090041

Efni: Ljósleiðarakerfi Flóaljóss

Ágæti viðtakandi,

Fjarskiptastofa (FST) hefur það hlutverk að fylgjast með þróun á fjarskiptamarkaði, m.a. fyrir markaðsgreiningar.

FST er nú sérstaklega að skoða eignarhald á staðbundnum ljósleiðaranetum í eigu sveitarfélaga. Í því sambandi óskar FST eftir upplýsingum um hvort haft hafi verið samband við sveitarfélagið í þeim tilgangi að óska eftir kaupum eða langtímaleigu á ljósleiðaraneti sveitarfélagsins. Ef svo er óskar FST eftir afriti af slíkum bréfaskiptum og afstöðu sveitarfélagsins til slíkrar ráðstöfunar. Þá óskar FST einnig eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið hyggst að eigin frumkvæði auglýsa ljósleiðaranet sveitarfélagsins til sölu.

Upplýsingabeiðni þessi styðst við heimild í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu, sbr. f. og g.-lið 2. mgr. sama ákvæðis. Viðtakanda upplýsingabeiðninnar er skylt að afhenda stofnuninni umbeðnar upplýsingar sem skulu vera réttar, fullnægjandi og uppfærðar.

Gefinn er frestur til **15. maí nk.** til að skila þessum upplýsingum og gögnum ef við á.

Endilega hafið samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna varðandi þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjarskiptastofu



Hulda Ástþórsdóttir

hulda@fjarskiptastofa.is